



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

29. apríl 2010

17. tbl. · 27. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Sindragötu 3 · S. 456 3033 · Ísafirði

Hjólbarðaverkstæði SB

Umfelganir · Dekkjaviðgerðir
Sumardekkir eru komin!

Bílaverkstæði SB

Munið hraðþjónustuna!

Smurning,
bremsuklossaskipti,
peruskipti,
þurrkublaðaskipti,
varahlutasala

Viðsnúningur í Víkinni



Rætt við Elías Jónatansson
bæjarstjóra í Bolungarvík um
fjárhag kaupstaðarins, sam-
einingu sveitarfélaga og upp-
gjörð á þrotabúi Einars Guð-
finnssonar hf. Sjá miðopnu.



EIMSKIP

| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

Yfir hafið og heim

„Ekki mikill munur á líki af hestamanni eða gangandi vegfaranda“

Formaður Hestamannafélagsins Hendingar á Ísafirði, Marínó Hákonarson, segir að það sé óverjandi að ekki skuli vera tekið tillit til öryggissjónarmiða hestamanna við gerð göngustígs undir Eyrarhlíð. Í bréfi formannsins til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segir að bæjaryfirvöld hafi ekki kynnt hestamönnum framkvæmdina áður en hún var send í útboð þó að athafnasvæði verksins sé að stærstum hluta á núverandi reiðvegi. Segir hann að samkvæmt bréfi sem honum hefur borist frá bæjartæknifræðingi sé um viðbót að ræða við vegöxlina og komi ekki inn á núverandi reiðveg.

„Framsetning hans er sú að breidd reiðvegjar er orðin afgangsstærð af vegöxlinni og myndi verða 1,3 til 1,8 m eftir atvikum á hverjum stað. Staðsetning ljósastauranna hefur ekki

verið ákveðin og getur haft afgerandi áhrif hvort þarna sé verið að auka öryggi eða skapa slysagildru.“

Bendir Marínó á að hestamenn viti manna best hvernig hestar bregðist við óvæntum aðstæðum sem skapast við að umferð þrengi að þeim frá báðum hliðum. „Hestar eru ekki vélknúin ökutæki og hestamenn eiga líka börn, þetta ber að hafa í huga þegar rætt er um öryggi vegfarenda um Eyrarhlíð því ekki er mikill munur á líki af hestamanni eða gangandi vegfaranda,“ segir í bréfi hans til bæjarráðs.

Í bréfinu segir jafnframt: „Fiflagangur, eins og Gísli Eiríksson umdæmisvegstjóri Vegagerðarinnar á Vestfjörðum viðhafði á sínum tíma við gerð reiðvegjar um Eyrarhlíð, þegar hann sagði að hvergi stæði að



Hestamenn átella að þeim hafi ekki verið kynnt framkvæmd við gerð göngustígs út í Hnífsdal þó að athafnasvæði verksins sé að stærstum hluta á núverandi reiðvegi.

ekki mætti standa ljósastaur í miðjum reiðvegi í samkomulagi Landssambands Hestamanna og Vegagerðar ríkisins, lýsir eindæma mannfyrirlitningu í garð hestamanna. Það er miður ef bæjarstjórn ætlar að festa í sessi þetta sjónarmið Gísla við þessa framkvæmd.“

Formaður félagsins lýkur bréfinu með því að segja að félagsmenn séu albúnir að koma að því að leysa þetta mál, en það verði að gera á grundvelli öryggismála en ekki hentistefnu. Bæjarráð tók erindið fyrir á síðasta fundi og lét bóka að það telji ekki rétt út frá öryggissjónar-

miðum að breyta áætlunum um fyrirhugaða legu göngustígs út í Hnífsdal. Út frá sams konar öryggissjónarmiðum beinir bæjarráð þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að staðsetning ljósastaura verði skoðuð vandlega þannig að nýir staurar verði ekki á núverandi reiðvegi.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands kynnir:

hjólað í vinnuna

UM ALLT LAND

5.-25. maí

Vinnustaðakeppni

Nú látum við hjólin snúast um allt land!

Kept er um:

- Flesta þátttökudaga
- Flesta kílómetra

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðunni: hjoladivinnuna.is

Aukin orka - Meiri kraftur - Minni eyðsla

Vertu með!

Ísland á iði
Hreyfsla
Sambærir
SKÝRR
LYÐHEILSUSTÖÐ
ÖRNINN
VISA
SÍMUL



Bolungarvík

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga í Bolungarvík, sem fram eiga að fara laugardaginn 29. maí 2010, rennur út laugardaginn 8. maí næstkomandi.

Kjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar tekur á móti framboðslistum í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur frá kl. 11:00 – 2:00 þann dag. Öll framboð skulu tilkynnt skriflega til kjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegi laugardaginn 8. maí.

Kjörstjórn fundar á sama stað með umboðsmönnum framboðslista sama dag kl. 13:00 til þess að úrskurða um framboð og listabókstafi.

Kjörstjórn vekur athygli á ákvæðum 21.–23. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitar-stjórna, sbr. og 5. gr. laga nr. 27/2002, en þar er mælt fyrir um form framboðslista, fjölda meðmælenda og umboðsmenn lista.

Kjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar,
Sólrun Geirsdóttir,
Pálína Jóhannsdóttir,
Ingibjörg Vagnsdóttir.

Samkaup

úrval

góðir grannar

...sjá öll tilboð á samkaupurval.is

Sparnaðartilboð helgarinnar **29. apríl - 2. maí**



Kjúklingur

597 kr.
kg

ferskur, heill



Ananas
2 fyrir 1



~~1.998~~

1.399 kr.
kg Svínalundir
danskar



~~1.198~~

958 kr.
kg Hangiframpartur
sagaður, frá **KEA**



~~1.695~~

1.492 kr.
kg Lambakótilettur
úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar



~~2.141~~

1.499 kr.
kg Lambalærisssneiðar
lausfrystar, með raspi, frá **Kjötseli**



~~529~~

455 kr.
pk. Íspinnar
vanillu, 10 stk., frá **Kjörís**



~~1.845~~

1.661 kr.
kg Lambalærisssneiðar
úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar



~~2.842~~

1.989 kr.
kg Lambakótilettur
grill, frá **Kjötseli**



~~598~~

496 kr.
pk. Grillborgarar
með brauði, 4 stk., frá **Bautabúrinu**



~~3.498~~

2.798 kr.
kg Lambafilé með fitu
úr kjötbörði eða pakkað ferskt



~~1.198~~

839 kr.
kg Pylsur
grill, frá **Kjötseli**



~~779~~

499 kr.
kg Beikonbúðingur
frá **Goða**

...einstök þjónusta í góðum verslunum



Kannar áhrif hækkandi sjávarborðs í Ísafjarðarbæ

Þjóðverjinn Manuel Meidinger kom til Íslands til að sækja meistaranám í Haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða. Hann vinnur um þessar mundir að verkefni sem gæti reynst íbúum Ísafjarðarbæjar og öðrum Íslendingum afar vel í náinni framtíð. Meðal annars vinnur hann að kortum sem sýna þá staði sem eru í hættu vegna flóða í kjölfar hækkandi sjávarmáls. Er það í fyrsta sinn sem verkefni af þessu tagi er unnið á Íslandi.

Bæjarins besta forvitnaðist um verkefnið og hvernig það var fyrir stórborgarbúa að dveljast á hjara veraldar á hinum harðneskjulegu Vestfjörðum.

„Ég kom í ágúst og til að byrja með var það erfitt. Það voru mikil viðbrigði að koma frá stórborginni Berlín til sjávarþorps á Íslandi, en eftir nokkra mánuði var ég búinn að eignast góða vini og þá varð allt auðveldara. Nú er ég búinn að koma mér fyrir og líður eins og heima hjá mér.“

Manuel fór nýlega hringinn í kringum landið og fannst honum náttúran vera mjög harðneskju-

leg. Hann segir einnig að það hafi verið alveg ný tilfinning að búa á svo einangruðum stað sem Ísafirði, það hafi haft sína kosti og galla. Veturinn hafi samt reynst honum sérstaklega erfiður.

„Myrkrið var erfitt. Allt virtist ganga hægar og það var erfitt að koma sér á fætur á morgnana og erfitt að koma sér að verki. En það var góð reynsla að upplifa þetta. Og það hafði ýmsa kosti, eins og að sjá hin stórkostlegu norðurljós.“

Kort af Ísafirði eftir hálfa öld

Manuel snýr aftur til Berlínar til að skrifa lokaritgerð sína um næstu mánaðamót. Hann kemur aftur til Íslands í júní til að sækja ráðstefnu á Selfossi og að því loknu kemur hann til Ísafjarðar til að verja ritgerð sína.

– Hvernig kom það til að Berlínarbúi ákvað að læra um haf- og strandsvæðastjórnun á Vestfjörðum?

„Ég fór í framhaldsskóla í Nýja-Sjálandi og þegar ég sneri

aftur til Þýskalands fór ég að læra jarðfræði. En þegar ég byrjaði í meistaranámi áttaði ég mig á því að ég hafði ekki brennandi áhuga á jarðfræði. Ég hafði hins vegar alltaf haft mikinn áhuga á hafinu og strandsvæðum. Ég fann ekki nám á því sviði í Evrópu fyrr en ég rakst á meistaranámið hjá Háskólasetri Vestfjarða, þar sem maður gat lært mikið á stuttum tíma. Þar lærir maður eins mikið á einu ári og aðrir í sam- bærilegu námi gera á tveimur árum. Þetta er því mikil vinna.

Ég hafði sérstakan áhuga á hækkandi sjávarborði og hlýnandi loftslagi og leiðbeinendur mínir stungu upp á að ég myndi vinna verkefni um Ísafjörð út frá því. Enginn hefur áður unnið verkefni af þessu tagi hér á Íslandi svo þetta er mjög spennandi. Ég vona líka að þetta eigi eftir að nýtast íbúum Vestfjarða mjög vel, til dæmis hvað varðar skipulag byggða. Ég ætla að útbúa kort sem sýna hvaða staðir eru í mestri hættu af völdum flóða og eru viðkvæmastir fyrir. Þá hef ég í hyggju að sýna fram á

hvernig bærinn gæti litið út eftir 50 ár miðað við þá hluta bæjarins sem eiga á hættu að það flæði yfir þá. Hugsunin að baki þessu er að hjálpa bæjaryfirvöldum varðandi skipulag í framtíðinni, þá geta þau séð t.d. að ekki væri gott að byggja íbúðarhús á tilteknum stað eða að gott væri að hækka tiltekinn sjóvarnargarð.

Ég ber miklar vonir til verkefnisins og finnst það mjög áhugavert. Ég stefni á að byrja á Eyrinni á Ísafirði en það er inni í myndinni líka að taka fyrir Hnífsdal, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, sem sagt Ísafjarðarbæ í heild. En það fer þó eftir því hvort ég fæ allar upplýsingar í tæka tíð. Ég hef því mikinn áhuga á öllum upplýsingum í tengslum við þetta og vil gjarnan að fólk sem man eftir flóðum og hefur í förum sínum myndir eða sögur af viðburðum hafi samband, sérstaklega þá eldra fólk.“

Gagnast öllum íbúum Vestfjarða

Manuel hefur sótt um styrk frá

Vaxtarsamningi Vestfjarða vegna verkefnisins.

„Ég held að verkefnið eigi eftir að koma sér vel fyrir alla íbúa Vestfjarða. Eftir að því er lokið má byggja á því og yfirfæra það yfir á aðra staði í fjórðungnum. Loftslagið er að hlýna, það er staðreynd alls staðar í heiminum og einnig á Íslandi.

Nú þegar hefur mikið verið rannsakað og gripið til forvarna, vegna snjóflóða til dæmis, en hvergi á Íslandi hafa verið könnuð áhrif hækkandi sjávarborðs, svo ég viti til.

Hægt verður að byggja á þessu grunnmati og jafnvel hægt að yfirfæra það yfir á önnur svæði á landinu. Svona mat hefur verið unnið hjá flestum öðrum löndum en Ísland er skrefi á eftir að þessu leyti. Svo vonandi verður þetta verkefni til góðs,“ segir Berlínarbúiinn Manuel Meidinger í samtali við blaðið. Óhætt er að búast við að margir eigi eftir að fylgjast spenntir með útkomu verkefnis hans, sem væntanlega mun gagnast íbúum og byggðum Vestfjarða.

— *thelma@bb.is*

FIMMTUDAGUR 29. APRÍL 2010

Mörg tækifæri fólgin í umhverfisvottun Vestfjarða

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segist telja að umhverfisvottun Vestfjarða feli í sér mörg tækifæri. „Ykkur hér á Vestfjörðum er ljós sú hættu sem viðkvæmri náttúru getur stafað af vaxandi umferð ferðamanna. Frumkvæði Ferðamálasamtaka Vestfjarða við að safna liði til að standa vörð um þá mikilvægu auðlind sem náttúran er og hefja umræðuna um umhverfisvottun svæðisins alls er því afar mikilvægt,“ sagði ráðherra í ávarpi á ráðstefnunni Umhverfisvottaðir Vestfirðir sem Ferðamálasamtök Vestfjarða stóðu fyrir á dögunum. Svandís benti á að síðari ár hefur ferðaþjónustan orðið æ umsvifameiri á Vestfjörðum eins og annars staðar á Íslandi.

„Vestfirðingar hafa verið fljótir að bregðast við ört vaxandi umsvifum í ferðaþjónustunni. Ég tel til fyrimyndar hvernig gönguleiðir hafa verið merktar hér um slóðir og göngukort gefin út, að ekki sé minnst á frumleika og

frjótt ímyndunarafl sem m.a. birtist í því að stofna söfn um skrímsli og galdra auk hefðbundinna safna um menningu og lífshætti fyrr og nú. Það er mikilvægt að fjárfesting í ferðaþjónustu hafi áhuga gestanna í huga og að jafnframt sé borin virðing fyrir náttúru- og menningararfinum.“

Þá minnti ráðherra á að stórbrotið landslag, einstök náttúru- fegurð, fuglalíf og öræfakýrrð hafa mikið aðdráttarafl bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. „Vestfirðingar búa í ægifagurri en viðkvæmri náttúru sem þeir hafa orðið að taka tillit til í aldanna rás. Hér hefur fólk lifað á því sem náttúran gefur, fiski úr sjó, fugli og landbúnaðarafurðum. Því er fólki í þessum landsfjórðungi e.t.v. ljósara en mörgum öðrum að gögn og gæði náttúrunnar eru hin raunverulega undirstaða lífs okkar frá degi til dags.“

Svandís sagðist jafnframt fagna því frumkvæði sem Ferða-



Lundi að koma inn til landingar í Látrabjargi. Ljós: Sigurjón J. Sigurðsson.

málasamtök Vestfjarða hafa tekið með því að standa fyrir stefnumótun fyrir vestfirska ferðaþjónustu og þeim vinnuáðferðum sem beitt hefur verið með því að hafa samráð við svo stóran hóp fólks

um allan fjórðunginn sem raunber vitni. „Ég tel mjög mikilvægt að hvar sem því verður við komið reynum við að hafa sem flesta með í ráðum þar sem stefna er mótuð og ákvarðanir teknar. Það

er eitt af lykilatriðum sjálfbærrar þróunar sem á að vera rauður þráður í öllu starfi að mótun og þróun samfélagsins,“ segir í ávarpi umhverfisráðherra.

– thelma@bb.is

TAX FREE!

af garðhúsgögnum



MEIRI ÞYKKT TRYGGIR STYRK!

Pallaefni úr gagnværinni furu frá Húsasmiðjunni er ekki aðeins á frábæru verði heldur einnig með meiri þykkt, sem tryggir meiri styrk og lengri endingu.

PALLAEFNI



Fura fúavarin 21x95	248 kr/m
Fura fúavarin 28x95	305 kr/m
Fura fúavarin 48x148	610 kr/m

Dvottavél
1200 snúninga, tekur
6 kg.
Orkusýting A,
dvottahæfni A,
vinduþæfni B
1605455

Electrolux
5 ára ábyrgð

86.900

Látum
verkin tala!




tekur
6kg

1200
snúninga

Gildir fimmtudag til sunnudags
Aðeins brot af úrvalinu!

Allar vöruförir eru fyrir stað áfyllingar og gættar og myndar. Úrval getur verið mikið breytt mið verslana.



HÚSASMIDJAN



16 milljónir til Bolungarvíkur

Bæjarsjóður Bolungarvíkur fær rúmar 15,7 milljónir króna úr þrotabúi EG hf., en skiptum á þrotabúinu lauk fyrir stuttu. Eins og fram hefur komið námu lýstar kröfur í þrotabú útgerðarfyrirtækisins Einars Guðfinnssonar hf. í Bolungarvík (EG) um 1.730 milljónum króna og voru til eignir í búinu upp á rúman milljarð króna á móti kröfum. Sautján ár eru liðin síðan fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta. EG var á sínum tíma eitt stærsta og öflugasta útgerðarfyrirtæki landsins en starfsemi fyrirtækisins var stöðvuð árið 1993.

Miklar eignir lágu að baki fyrirtækinu, meðal annars tveir ísfisktogarar, frystihús félagsins og aðrar fasteignir sem metnar voru á tæpar 85 milljónir króna, birgðir fyrir um 100 milljónir króna og farartæki fyrir um þrjár milljónir króna. Þá voru að baki umtalsverðar eignir í formi hlutabréfa, meðal annars í Tryggingamiðstöðinni. — *thelma@bb.is*

Spurningin

Telur þú að Katla muni gjósa á næstu sex mánuðum?

Alls svöruðu 523.
Já sögðu 220 eða 42%
Nei sögðu 30 eða 58%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hægviðri og bjart með köflum, skúrir syðst. Fremur svalt veður.

Horfur á laugardag: Útlit fyrir suðvestlæga átt með vætu, einkum SV-lands og hlýnandi veðri.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir suðvestlæga átt með vætu, einkum SV-lands og hlýnandi veðri.

Óska eftir framlengingu á vatnskaupasamningi

Lindarfoss ehf. hefur óskað eftir framlengingu á vatnskaupasamningi sem Brúarfoss ehf. gerði við Ísafjarðarbæ þann 7. mars 2008. Á bæjarráðsfundi var lagt fram bréf frá Lindarfossi ehf. þar sem fram kemur að gerð hefur verið nafnbreyting á félaginu Brúarfossi ehf. yfir í Lindarfoss ehf. eftir undirritunina um vatnskaupasamninginn. Tilgangurinn er sá að aðskilja félagið sem hefur vatnsréttindi og það sem sér um markaðsmál, en sá er tilgangur Brúarfoss ehf. í dag. Í bréfinu er eins og fyrr segir óskað eftir framlengingu á vatnskaupasamning við Ísafjarðarbæ er gerður var við Brúarfoss á sínum tíma.

Óskað er eftir framlengingu til tólf mánaða eða til 30. apríl



2011. Bæjarráð hefur falið bæjarsjóra að óska umsagnar Andra Árnasonar, hrl. og bæjarlögmanns um erindið. Samkvæmt samningi Ísafjarðarbæjar við Brúarfoss á fyrirtækið að hefja útflutning

fyrir lok þessa mánaðar. Brúarfoss ehf. er með húsnæði við Sindragötu á Ísafirði á leigu og þar var lögð inn sérstök vatnslögn fyrir þarfir fyrirtækisins. Samningur Brúarfoss ehf. við Ísafjarð-

arbæ gengur í meginatriðum út á réttinn til nýtingar vatnsins.

Í samningnum segir að sé fyrirhuguð starfsemi ekki komin í fullan gang fyrir lok apríl, fellur hann í heild sinni úr gildi.

Undir meðaltali í samræmdu prófum

Vestfirsk skólabörn voru undir meðaltali í samræmdu prófunum sem tekin voru í 4. og 7. bekk í október og í 10. bekk í vor en þó munaði ekki miklu. Í 10. bekk var meðaleinkunnin á prófi í stærðfræði 5,1 fyrir landið í heild og voru vestfirsk mjög nálægt því eða með einkunnina 5,1. Í íslensku var meðaltal vestfirskra barna 5,5 en 5,8 á landsvísi. Í

10. bekk þreyttu 104 nemendur af þeim 116 nemum sem eru í árganginum prófin. Nemendur í 4. bekk á Vestfjörðum voru með þriðju lægstu meðaleinkunn í íslensku eða 5,7, en yfir landið í heild var meðaleinkunnin 6.

Þá voru fjórðu bekkingar á Vestfjörðum með næst lægstu meðaleinkunn í stærðfræði eða 5,7 en landsmeðaltalið var 6,1.

Vestfirsk börn í 7. bekk voru með meðaleinkunnina 6,2 í íslensku og 6,3 stærðfræði. Meðaleinkunnin var 6,8 í stærðfræði fyrir landið allt. Í íslensku er meðaleinkunnin 6,4. Þetta kemur fram í skýrslu sem nýlega kom út á vegum Námsmatsstofnunar, Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009.

Í skýrslunni eru ýmsar áhuga-

verðar upplýsingar s.s. um meðaltöl skóla og sveitarfélaga á prófunum á tímabilinu 2005 til 2009, framfarastuðlar skóla, kynjabundin mun á prófunum, hlutfall nemenda sem þurfa sérstakan stuðning á prófunum, undanþágur sem og óútskýrðar fjarvistir. Þess er vænst að skólanefnd skoði upplýsingar um skóla og leiti leiða til úrbóta.

Ritstjórnargrein

Alvarlegasta vandamálið

Alvarlegasta vandamálið sem íslensk verkálýðshreyfing horfist í augu við á degi verkálýðsins 2010, er atvinnuleysið. Ekkert er eins niðurdrepandi og að hafa ekkert fyrir stafni, vitandi að morgundagurinn og dagurinn þar á eftir beri sama vonleysið með sér. Langvarandi atvinnuleysi er þjóðarböl.

Í fyrsta tölublaði nýs Fréttabréfs Verk-Vest, gerir formaður félagsins, Finnþogi Sveinbjörnsson, ástandið í atvinnumálum á Vestfjörðum að umtalsefni. Í pistli er hann nefnir „Þörf á samhentum átaki Vestfirðinga,“ bendir hann réttilega á að þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi löngum verið með minnsta móti á Vestfjörðum á landsmælikvarða, séu nú alvarlegar blikur á lofti; yfirvofandi fækkun starfa hjá ríki og sveitarfélögum og samdráttur hjá sjávarútvegsfyrirtækjum. Hætta sé á að þetta leiði til frekari fólksfækkunar í fjórðungnum, sem hefur verið ærin fyrir:

„Erum við ekki búin að fá nóg af því að sjá fólkið okkar flýja fjórðunginn þegar þrengir að á vinnumarkaði? Hér þarf að koma til samhent atak íbúa fjórðungsins um að verja öll þau störf sem við mögulega getum haldið í. Þar verðum við Vestfirðingar að standa saman ef árangur á að nást. Eiginhagsmunagæsla verður að víkja fyrir hag heildarinnar ef við ætlum áfram að sjá blómlega byggða-

kjarna á strandlengju Vestfjarða,“ segir formaðurinn og bætir við að „ekki dugir að treysta um of á fyrirheit stjórnvalda í þessum efnum“ þar sem „enn bólar ekkert á þeim störfum sem landsmönnum var lofað með auknum verklegum framkvæmdum í öllum fjórðungnum.“ Að lyktum hvetur formaðurinn til samstöðu: „Vestfirðingar, stöndum saman í að verja störfin í fjórðungnum því ekki gera stjórnvöld það. Eingöngu þannig munum við áfram tryggja gott og fjölbreytt atvinnustig og sporna við frekari fólksflóttu af svæðinu.“

Með þessum orðum formanns Verkalýðsfélags Vestfirðinga eru félaginu sendar kveðjur á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

Á heimsvísu

Óumdeilt hefur Fossavatnsgangan komið Ísafirði á heimskortið. Ár frá ári hefur keppendum fjölgað og þar í hópi verið margir þekktustu skíðagöngumenn heims. Þegar Alþjóðaskíðasambandið, FIS, setti Fossavatnsgönguna inn á mótaskrá sína árið 2005, komst hún á þann stall sem hún verðskuldað hefur áunnið sér meðal vetraríþróttar.

Þökk sé brautryðjendunum og þökk sé þeim sem haldið hafa merkinu á lofti! *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Rúnar Óli Karlsson og Sigurður Jónsson eigendur Borea Adventures vinna nú hörðum höndum að koma upp aðstöðu fyrir sumarið.

Opna útivistarmiðstöð í byrjun maí í Hæstakaupstaðarhúsinu

Það stefnir í gott ár hjá vestfirska ferðaþjónustu-fyrirtækinu Borea Adventures en fyrirtækið vinnur nú hörðum höndum við að koma upp aðstöðu í gamla verslunarhúsinu í Hæstakaupstað fyrir sumarið. „Þetta er allt að koma, það er verið að klára smíðavinnuna, klæða, ein-

angra og leggja rafmagn. Við ætlum bara að gera þetta sæmilega mannhelt eins og má segja. Ætlum að láta það duga í bili. Þetta á bara að vera frekar hrátt,“ segir Rúnar Óli Karlsson, einn eigenda Borea Adventures. Fyrirtækið er með helming af neðri hæð hússins til afnota en fyrirtæk-

ið Pixel verður einnig til húsa á sama stað. „Við reiknum með að opna 1. maí. Hér verðum við með geymslu fyrir búnadinn okkar og smá skrifstofuhorn og notalega setu-stofu með arin,“ segir Rúnar. Eins og fram hefur komið ætla fyrirtækið ekki ein-göngu að bjóða upp á skútu-

ferðir í sumar en í sumar verða einnig dagsferðir þar sem m.a. verður ferðast um nágrenni Ísafjarðarbæjar og Ísafjarðardjúp. „Þannig að aðstaðan er líka hugsuð sem miðstöð fyrir þessar dagsferðir í sumar, nokkurskonar útivistarmiðstöð,“ segir Rúnar Óli Karlsson.

Atvinnuleysi dregst saman

Atvinnuleysi á Vestfjörðum var 3,2% í mars sem er 0,4 minna en í febrúar. Er það mesta atvinnuleysi í marsmánuði í fjórðungnum frá því fyrir aldamót en er þó það minnsta á landinu. Samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar var meðalfjöldi atvinnulausra í mánuðinum 121, þar af

68 karlar og 53 konur. Sem fyrr eru flestir atvinnulausir í Ísafjarðarbæ eða 63 í lok mánaðar en þeim hafði fækkað um 5 frá því í febrúar. Því næst kemur Bolungarvíkurkaupstaður þar sem 25 eru á atvinnuleysisskrá og Vesturbyggð með 22. Í Súðavíkurhreppi eru 15 á atvinnuleysisskrá og níu

eru skráðir Strandabyggð. Flestir sem eru á skrá Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum eru í aldursþópnum 25-34 eða 48 talsins. Skráð atvinnuleysi í mars 2010 var 9,3% eða að meðaltali 15.059 manns og breytist atvinnuleysi lítið frá febrúar, fjölgar um 33 manns að meðaltali. Á sama tíma

á árinu 2009 var atvinnuleysi 8,9% eða 14.546 að meðaltali. Atvinnuleysið er 9,9% á höfuðborgarsvæðinu en 8,1% á landsbyggðinni. Mest er það á Suðurnesjum 14,9% en, eins og fyrr segir, minnst á Vestfjörðum.

– thelma@bb.is

Afli dregst saman milli ára

Heildarafli vestfirskra skipa nam 3.655 tonnum í marsmánuði samanborið við 4.143 í sama mánuði 2009. Botnfiskaflinn nam alls 3.149 tonnum en á sama tíma í fyrra var aflinn 3.687 tonn. Þorskaflinn í mars á Vestfjörðum var 1.500 tonn samanborið við 1.539 í fyrra og ýsuaflinn var 510 tonn á móti 683 tonnum í fyrra. 934 tonn af steinbít veiddust í nýliðnum marsmánuði á Vest-

fjörðum sem er nokkuð minna en á sama tíma í fyrra þegar steinbítaflinn var 1.199 tonn. Heildarafli íslenskra skipa nam alls 117.707 tonnum í mars 2010 samanborið við 108.136 tonn í sama mánuði árið áður. Botnfiskaflí dróst saman um tæp 12.000 tonn frá mars 2009 og nam 48.600 tonnum. Þar af nam þorskaflinn rúmum 21.600 tonnum, sem er samdráttur um 5.400

tonn frá fyrra ári. Ýsuaflinn nam tæpum 7.800 tonnum sem er um 3.800 tonnum minni afli en í mars 2009. Karfaaflinn dróst saman um 1.800 tonn samanborið við mars 2009 og nam tæpum 9.200 tonnum. Um 3.800 tonn veiddust af ufsa sem er um 1.500 tonnum minni afli en í mars 2009. Afli uppsjávartegunda nam rúmum 65.400 tonnum sem er um 21.000 tonnum meiri

afli en í mars 2009. Aukningu í uppsjávarafla má rekja til loðnafla upp á 55.000 tonn en loðnuvertíðinni var hins vegar lokið í mars 2009. Heildarafli íslenskra skipa í mars, metinn á föstu verði, var 21,5% minni en í mars 2009. Það sem af er árinu hefur aflinn dregist saman um 14.2% miðað við sama tímabil 2009, sé hann metinn á föstu verði.



Bob Jerome Aldridge, nýr þjálfari KFÍ.

Nýr þjálfari hjá KFÍ

Stjórn Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar hefur ákveðið að semja við Bandaríkjamanninn Bob Jerome Aldridge til að taka við þjálfun meistaraflokks karla hjá KFÍ, en auk þess mun hann verða yfirþjálfari yngri flokka félagsins og þjálfar drengjaflokk. Bob er 31 árs og hefur reynslu af þjálfun í háskóla-körfuboltanum í Bandaríkjunum. Hann er að ljúka störfum sem aðstoðarþjálfari við Ashland háskóla í Bandaríkjunum.

„Hann hefur reynslu af því að þjálfar unga leikmenn og hefur aðstoðað marga leikmenn við að þróa og þroska leik sinn. Hann hefur unnið titla með liðum sem hann hefur þjálfað, hjá Southern Indiana Generals sem aðalþjálfari og sem aðstoðarþjálfari hjá Georgetown College. Hann hefur þróað körfuboltaþúðir fyrir 110 lið og 957 leikmenn og hefur skipulagt viðburði og fjáraflanir fyrir þau lið og háskóla sem hann hefur starfað fyrir. Auk þess að hafa viðtæka reynslu sem körfuboltaþjálfari hefur BJ meistaragráðu í íþróttastjórnun og íþróttakennaragráðu. Hann lítur á KFÍ sem tækifæri til að öðlast reynslu sem aðalþjálfari fyrir utan Bandaríkin og hlakkar til þeirra áskorana sem KFÍ stendur frammi fyrir í keppni meðal hinna bestu,“ segir í tilkynningu á vef KFÍ.

Með vali sínu ætla KFÍ að leggja áherslu á áframhaldandi uppbyggingu yngri leikmanna liðsins og horfa til þeirra hugmyndafræðar er notast er við þjálfun leikmanna á menntaskólastigi og á háskólastigi í Bandaríkjunum. Bob er væntanlegur til landsins í byrjun ágúst.



EG var í rauninni alls ekki gjaldþrota

– rætt við Elías Jónatansson bæjarstjóra í Bolungarvík um fjárhag kaupstaðarins, sameiningu sveitarfélaga og uppgjörið á þrotabúi Einarssonar hf.

Nýr meirihluti í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar tók við fyrir nærfellt tveimur árum eða í maí 2008 og þá tók Elías Jónatansson jafnframt við starfi bæjarstjóra. Naumast hefur farið framhjá þeim sem fylgjast með fréttum að fjárhagur bæjarfélagsins hefur verið mjög erfiður á síðustu árum. Við þessu hefur verið brugðist með ýmsum rötækum hætti, bæði hvað efnahaginn og reksturinn varðar. Nú virðist sem bæjarfélagið sé komið fyrir vind í þessum efnum.

Blaðið leitaði til Elíasar bæjarstjóra og bað hann að gera grein fyrir þeim vanda sem við hefur verið að etja og þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til. Jafnframt er vikið að hugsanlegri sameiningu sveitarfélaganna við

Djúp og uppgjöri á þrotabúi Einarssonar hf. sem nú er loksins nýlukið, sautján árum eftir að fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta.

„Þegar við tókum við á vordögum fyrir tæpum tveimur árum blasti það við, að rekstur bæjarfélagsins stefndi í algert óefni. Reksturinn var þá fjármagnaður með vaxandi yfirdrætti á hlaupareikningi. Búið var að ákveða framkvæmd upp á 150 milljónir, sem var endurbygging á félagsheimilinu, og til stóð að fjármagna hana með 100 milljón króna yfirdrætti en engin langtímafjármögnun lá fyrir. Reksturinn á árinu 2007 hafði verið erfiður og skilaði engu upp í vexti eða afborganir af langtímalánum og því síður til fjárfestinga. Í

rauninni má segja að tekjurnar hafi ekki einu sinni dugað fyrir daglegum útgjöldum. Nokkrum sinnum stóðum við frammi fyrir því að eiga ekki fyrir útborgun launa en náðum að bjarga því með útsjónarsemi.“

Óbreytt ástand vonlaust

„Ég mat það á þeim tíma þannig, að óbreytt ástand gæti aldrei gengið nema nokkra mánuði í viðbót. Núna veit ég það. Þeir sem þá voru við stjórnvölinn virtust ekki gera sér almennilega grein fyrir því hvert stefndi. Að minnsta kosti kom það ekki fram á yfirborðinu, því það var hvergi látið í ljós. Ef við miðum svo við nýlegar yfirlýsingar þar sem sagt

er að fyrrverandi meirihluti hafi verið stöðvaður í miðju verki, þá er eins og menn átti sig ekki ennþá á því að það var ekkert rekstrarfé eftir í bæjarkassanum. Enginn vildi lána bæjarfélaginu peninga.

Þannig var einfaldlega hin raunverulega staða og fullyrðingar um eitthvað annað eru alger fjarstæða. Hins vegar átti mönnum að vera þetta fullkomlega ljóst, því að Lánasjóður sveitarfélaga var í þriggja búinn að neita sveitarfélaginu um lán. Strax á árinu 2007 var búið að leita til sjóðsins eftir 200 milljón króna láni og því var neitað. Aftur var leitað til sjóðsins og enn á ný og alltaf kom nei. Ein af þeim kröfum sem Lánasjóðurinn gerði var að það kæmi yfirlýsing frá end-

urskoðanda þess efnis að sveitarfélagið væri í rauninni í stakk búið til að borga nýtt lán til baka. Enginn endurskoðandi var reiðubúinn að gefa út slíka yfirlýsingu og það var ein af ástæðum þess að lán fékkst ekki. Það var í framhaldi af þessu sem leitað var til Sparisjóðsins en hann var ekki tilbúinn að lána nema framkvæmdalán á yfirdráttarvöxtum en ekki langtímalán. Hins vegar leituðu menn ekki til Sparisjóðsins fyrr en þeir voru byrjaðir á framkvæmdum.“

Óskiljanlegt

„Í mínum huga er það algerlega óskiljanlegt hvernig mönnum datt í hug að setja af stað 150 milljón króna framkvæmd án þess

Elías Jónatansson er fæddur í Bolungarvík árið 1959, sonur hjónanna Höllu P. Kristjánsdóttur frá Ísafirði og Jónatans Einarssonar framkvæmdastjóra í Bolungarvík og oddvita Hóls-hrepps í sextán ár (1958-74). Elías lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði og lauk síðan prófi í vélaverkfræði

frá Háskóla Íslands. Þaðan hélt hann til náms í Bandaríkjunum og lauk MSc.-prófi í iðnaðarverkfræði frá Oregon State University með viðskiptafræði sem aukagrein.

Fyrstu árin eftir nám vann Elías við verkfræðistörf hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen í Reykjavík. Hann flutt-

ist aftur heim til Bolungarvíkur árið 1988 og hefur búið þar síðan ásamt fjölskyldu sinni. Elías hefur starfað við og stýrt framleiðslufyrirtækjum sem öll tengjast sjávarútvegi eða matvælaframleiðslu á einhvern hátt. Þá hefur hann einnig unnið við ýmis ráðgjafarstörf.

Elías hefur setið í bæjarstjórn

Bolungarvíkurkaupstaðar frá 2002 og var forseti bæjarstjórnar kjörtímabilið 2002 til 2006. Hann átti sæti í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 2002-2006 og í stjórn Íslands-pósts hf. frá stofnun 1998 til 2008. Í stjórn Gnár hf. í Bolungarvík frá 1993 til 2008. Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs Bolung-

arvíkur 2005-2006, þegar lífeyrissjóðurinn sameinaðist Frjálsa lífeyrissjóðnum. Í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 2007.

Elías er kvæntur Kristínu Guðrúnu Gunnarsdóttur, sem er Ísfirðingur að uppruna, og eiga þau þrjú börn, Gunnar Má, Berglindi Höllu og Ernu Kristínu.

að eiga til krónu fyrir henni og ekki lánaþyrirgreiðslu að fá. Fjárhagsáætlunin eins og lagt var upp með hana gerði auk þess ráð fyrir stórfelldu tapi. Ég tek fram, að við bárum líka ábyrgð á upphafinu, því að við samþykktum að farið yrði í hönnun á verkinu og það gert klárt í útboð, en þar er kannski verið að tala um 10% af kostnaðinum.

Hugsunin var alltaf sú, að bæjarsjóður myndi greiða kannski einn þriðja en að öðru leyti myndum við fá aðra fjármögnun og styrki til verksins til að standa undir meirihluta þess. Þetta hafði verið hugsunin í nokkur ár því að þetta verk var búið að vera lengi í bígerð. Það var þó alltaf skýrt í okkar huga að ekki væri hægt að hefja framkvæmdir án þess að búið væri að fjármagna verkið. Það er og hefur verið mikill hugur hjá okkur öllum að byggja upp þetta gamla samkomuhús og klára þetta verk og enginn skorast undan þeirri ábyrgð.“

300 milljóna viðsnúningur milli ára

„Framan af árinu 2008 er reksturinn ekki að skila neinu og mikið tap verður á því ári. Meirihluti tapsins verður samt á fyrri hluta ársins því að við gripum strax til aðgerða þegar við tókum við í maí. Meðal annars var dregið úr yfirvinnu hjá starfsmönnum og ákveðið að fresta framkvæmdum. Upphaflega var ætlunin að klára vinnuna við félagsheimilið á árinu 2008 en við gengum til samninga við verktakann um að hægja á verkinu og færa til verklokin. Við þurftum svo að fara í slíka vegferð aftur, þannig að í rauninni er búið að fresta verklokum tvisvar. Hins vegar stefnir allt í það að verkið geti klárast núna á árinu 2010.

Tapið hjá bæjarfélaginu árið 2007 var tæpar 80 milljónir króna og árið 2008 var það tæpar 120 milljónir. Hins vegar gerum við ráð fyrir hagnaði upp á 170-180 milljónir króna á árinu 2009. Við erum þannig að tala um gríðarlegan viðsnúning eða um 300 milljónir á milli ára.“

Bæjarfélagið í gjörgæslu?

– Er ekki rétt að segja að Bolungarvíkurkaupstaður sé eða hafi verið í gjörgæslu, eins og stundum er komist að orði, hjá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga?

„Ég hef aldrei viljað orða það sem gjörgæslu. Við höfðum samband við nefndina og ræddum þessi mál og áttum mjög góð samskipti. Í framhaldi af þeim samskiptum gerði bæjarstjórn samning við nefndina í október 2008. Við fundum fljótlega að nefndin er mjög föst fyrir og

henni verður ekkert hnikað nema með góðum rökstuðningi.

Frumskilyrði sem nefndin setti varðandi árangur var að rekstur bæjarfélagsins yrði kominn í lag á árinu 2010 og við yrðum að leggja fram plön um það. Annað myndi nefndin ekki setta sig við. Á móti fórum við fram á það við nefndina að hún myndi vinna með okkur að fjárhagslegri endurskipulagningu. Þar lögðum við sérstaka áherslu á afskrift af lán- um í félagslega húsnæðiskerfinu eða önnur framlög sem kæmu að sama gagni.“

Innlausnarskyldan þungur baggi

„Mér finnst mikilvægt að það komi fram, að innlausnarskyldan sem var sett á með lögum byggðist á þeirri hugmynd að félagslega húsnæðiskerfið myndi sjálft standa undir sér. Ef sveitarfélag leysti til sín íbúð átti það að geta selt hana aftur á svipuðu verði. Þetta var í rauninni hugsað sem flýtigreiðsla til fólks þannig að hlutirnir gætu gengið hraðar fyrir sig, en jafnframt sem trygging, þannig að sparnaður sem við komandi hafði sett í húsnæði glataðist ekki. Það stóð aldrei til að sveitarfélögin myndu eignast fjölda íbúða úr þessu kerfi og sitja uppi með þær. Þetta hefur hvílt þungt á mörgum sveitarfélögum úti á landi. Menn sáu þetta einfaldlega ekki fyrir þegar innlausnarskyldan var sett á.

Þetta þýddi það hjá okkur, að til þess að standa í skilum varðandi þessar innleystu íbúðir þurfti aðalsjóður bæjarfélagsins að leggja til fjármagn og greiða af lánunum svo að allt færi ekki í vanskil, jafnvel þótt félagslegu íbúðirnar séu B-hluta fyrirtæki. Ég reiknaði út hvað þetta þýddi í okkar tilviki, því að einungis litill hluti af þessu hafði verið vaxta-reiknaður, og niðurstaðan var sú að aðalsjóður hefði sett inn í þetta kerfi nálægt 430 milljónir. Þar reiknaði ég bara með vísitölu og mjög lágum vöxtum. En þar fyrir utan skuldaði kerfið um 350 milljónir króna um áramótin 2008-2009. Mest var það hjá Íbúðalánasjóði en að hluta hjá bönkum. Þannig var þetta kerfi farið að skulda hátt í 800 milljónir á sama tíma og heildarskuldirnar hjá bænum voru um 1.200 milljónir. Þetta slagaði því upp í tvo þriðju af heildarskuldunum.

Í stuttu máli má segja að Eftirlitsnefndin hafi verið okkur sammála um að þessi krafa sem gerð var til bæjarfélagsins um innlausnarskyldu hafi verið óeðlileg, enda var markaðsvirði íbúðanna alveg út úr kortinu og úr öllum takti við innlausnarverðið á þeim. Niðurstaðan úr þessu varð sú, að það náðist fram eftirgjöf á skuldum hjá Íbúðalánasjóði, sem nam 73 milljónum

á árinu 2009, og á þessu ári eigum við aftur von á jafnhárrí eftirgjöf. Jafnframt fengum við sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga upp á 66 milljónir. Þar til viðbótar koma endurreiknaðir vextir hjá Sparisjóðnum.

Með þessu hefur staða bæjarfélagsins gagnvart félagslega húsnæðiskerfinu lagast sem nemur talsvert á þriðja hundrað milljónum króna. Þetta hefur auðvitað gríðarleg áhrif á okkar fjármagnskostnað. Allt þetta fölst í einum samningi við Eftirlitsnefndina og að þeim samningi komu líka Lánasjóður sveitarfélaga og Sparisjóður Bolungarvíkur ásamt Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Lánasjóðurinn skuldbatt sig til að greiða upp skammtímalán á borð við yfirdrátt, en skilyrðin voru einfaldlega þau, að allt gengi eftir varðandi niðurskurð og hagræðingu í rekstri.“

Tekið til í rekstrinum

„Þarna var verið að laga til í efnahagnum. Í rekstrinum þurftum við líka að taka til hendi og gera stífar kröfur til okkar sjálfra og okkar fólks. Við einbeittum okkur að því að hagræða og lækka kostnað. Við þurftum að fækka stöðugildum og fækkuðum starfsfólki um nálægt 15%. Sem dæmi má nefna, að við erum búiin að lækka launakostnað um nálægt 50 milljónir á ársgrundvelli. Við styttnum afgreiðslutíma á stofnunum og hækkuðum gjaldskrár.

Siðan var það sem kom kannski mest við fólk. Við settum 10% álag á útsvarið á árinu 2009 og það verður síðan 5% á þessu ári. Þetta merkir að Bolvíkingar allir taka þátt í því að laga til í rekstri bæjarfélagsins, ungir jafnt sem aldnir.

Árangurinn af öllu þessu er sá, að reksturinn er farinn að skila nægum afgangi til að greiða af lánum og ráðast í nýframkvæmdir án nýrrar lántöku.

Þegar rekstrarkostnaður er skorinn svona mikið niður fer ekki hjá því að það bitnar á viðhaldi og ýmsu fleiru. Við getum ekki haldið honum svona niðri til framtíðar litið. Ég lít á þetta sem skammtímaaðgerð á meðan við náum niður skuldum og lækkum þar með fjármagnskostnaðinn. Þetta helst í hendur þannig að þessi lækkun á fjármagnskostnaði mun nýtast okkur til að geta síðan ráðist í viðhald og annað sem núna hefur setið á hakanum. Ef við lítum á lækkun skulda, þá reiknum við með að geta lækkað þær um þriðjung frá árinu 2008 til 2010, reiknað á föstu verðlagi. Þetta getum við þrátt fyrir fjárfestingar á tímabilinu, eins og varðandi félagsheimilið, en auk þess má nefna fjárfestingar í stálþili og þekju á höfninni. Ég held að engum geti dulist að það hefur orðið gríðarlegur viðsnúningur í

fjármálum og rekstri Bolungarvíkurkaupstaðar.“

– Þú telur þannig að framhaldið í þessum efnum sé tryggt eins og nú horfir?

„Já. Við erum búin að leggja fram okkar þriggja ára áætlun. Auðvitað byggist allt á því að við séum með mjög sterkt aðhald. Ef við höldum því áfram er ekki hægt að sjá annað en hlutirnir eigi að ganga vel upp hjá okkur. Við teljum það fullkomlega raunhæft.“

Áhrif gangagerðarinnar

– Nú eru framkvæmdir við Bolungarvíkurgöngin senn á enda. Hafa þær skilað miklu fé inn í bæjarfélagið með einum eða öðrum hætti? Hvað hefur það í för með sér fyrir bæjarfélagið þegar þeim lýkur?

„Vissulega hafa þær hjálpað til við tekjuaukninguna. Útsvars-tekjur hafa hækkað milli 30 og 40 prósent á milli árana 2008 og 2009. Þeirri aukningu má skipta nokkurn veginn í þrennt. Tíu prósent eru vegna álagsins á útsvarið. Hinn hlutinn skiptist líklega nokkuð jafnt vegna aukins sjávaraflla og vinnslu, sem hefur bein áhrif á útsvarstekjur í bænum, og vegna áhrifa frá gerð jarðganganna. Ég áætla að áhrif jarðgangavinnunnar í tekjum bæjarins séu milli 20 og 30 milljónir. Í áætlun okkar fyrir árið 2010 erum við fyllilega búnir að gera ráð fyrir skerðingu útsvarstekna hvað þetta varðar.“

Slæmt að nota úrehtar tölur

– Hvað segir þú um hugmyndir um sameiningu sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum í ljósi þess að göngin eru senn að komast í gagnið?

„Undanfarið höfum við vissulega verið að skoða hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna þriggja hér við Djúp. Segja má að upphafið að því hafi verið samningurinn sem við gerðum við Eftirlitsnefndina og ég gat um áðan. Eitt af skilyrðunum sem voru sett var að við myndum fara í að skoða sameiningu. Við komum á fót hundrað daga nefndinni svo kölluðu í samstarfi við Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp, sem tók til starfa í október síðastliðnum. Hún hefði átt að skila af sér í janúar og á þeim tíma var í rauninni lokið allri nefndarvinnu.

Það sem nefndarmenn urðu svo sammála um var að ekki væri nógu gott á þessum tímapunkti í janúar að nota tölur úr rekstri sveitarfélaganna frá árinu 2008, þær væru of gamlar. Þá var fyrirsjáanlegt að þær tölur gæfu ekki raunsanna mynd af stöðu Bolungarvíkur þar sem búið var að gjörbreyta rekstrinum frá þeim tíma. Þess vegna ákváð nefndin að setja málið í bið þangað til

ársreikningar sveitarfélaganna fyrir síðasta ár lægju fyrir eða að minnsta kosti nægilega góð drög að reikningunum til að hægt væri að nota tölurnar í skýrsluna.

Hvað sem þessu liður er alveg ljóst að ráðherra og ráðuneyti sveitarstjórnarmála vilja sameiningar. Ráðherra hefur sagt að þetta verði gert árið 2014. Við höfum heyrt raddir hér heima sem segja að nú skuli menn fara í gríðarlegar framkvæmdir og safna skuldum og fara síðan í sameiningu. Það eru hins vegar ekki vinnubrögð sem við viljum viðhafa. Þvert á móti höfum við hugsað málið þannig, að fari svo að við verðum knúnir með valdboði til sameiningar, þá væri betra að standa uppréttur og hafa þá eitthvað um hlutina að segja.“

Íbúarnir ráði sjálfir sameiningarmálum

„Ég held að við Bolvíkingar gætum aldrei orðið hrfirnir af sameiningu sem snerist fyrst og fremst um það að styrkja stóra sveitarfélagið. Við vitum að sameining myndi draga störf frá okkur. Til dæmis myndi hún breyta miklu um stjórnsýsluna á svæðinu. Það yrði eitthvað að koma á móti. Ég tel það eðlilegt frá okkar hendi að við setjum einhver skilyrði í þeim efnum, til dæmis að hér verði einhver tiltekin starfsemi tryggð. Þar er ég aðallega að hugsa um starfsemi á vegum hins opinbera, annað hvort starfsemi sem kæmi ný inn á svæðið, sem væri það besta, eða þá einhver alvöru stofnun sem núna er á Ísafirði en yrði flutt til Bolungarvíkur.

Við erum hins vegar búnir að sýna það núna, að við getum alveg staðið sem sérstakt sveitarfélag. Við vildum einmitt sýna fram á það að við gætum staðið einir og sér og þar með að við ættum val hvað sameiningu snerti. Það er mín eindregna skoðun að það séu íbúarnir sjálfir sem eigi að taka slíka ákvörðun en þetta sé ekki gert með valdboði. En ef þú getur ekki sýnt fram á að þú getir staðið á eigin fótum, þá gengur það auðvitað ekki upp og þá er það gert með valdboði.

En varðandi skýrslu hundrað daga nefndarinnar, þá hef ég kosið að vera ekki að tjá mig um meginefni hennar á þessu stigi. Mér finnst eðlilegt að nefndin öll geri grein fyrir málinu þegar þar að kemur.“

Protabú Elnars Guðfinnssonar hf.

– Núna fyrir skömmu er lokið uppgjöri á þrotabúi Elnars Guðfinnssonar hf. í Bolungarvík, hátt í tveimur áratugum eftir að fyrirtækið var sett í prot. Þér er mál þetta nokkuð skylt, að ekki sé meira sagt. Hvað viltu segja um



það? Á sínum tíma var því haldið fram að fyrirtækið hafi í rauninni alls ekki verið gjaldþrota og hér hefði einfaldlega verið um bola-brögð tiltekins banka að ræða.

„Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta í ársbyrjun 1993. Ég hef í sjálfu sér engar skýringar á því af hverju uppgjórið tók allan þennan tíma. En það sem athygli vekur er að 98% forgangskrafna í búið greiddust og nálægt 70% af veðkröfum. Alls greiddist um einn milljarður af 1,7 milljarða skuldum. Flestir vita að þegar fyrirtæki fer í þrot, þá fara eignirnar gjarnan á brunaútsölu, eins og kallað er. Þess vegna vekja hlutföllin í þessu máli sérstaka athygli.

Eitt dæmi má nefna. Fyrirtækið átti stóran hlut í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sá hlutur var seldur út úr búinu á riflega 100 milljónir. Ekki löngu seinna var markaðsvirði þess hlutar hátt í 800 milljónir. Bara þessi eina eign hefði nægt til að dekkja allt sem út af stóð. Þetta segir heilmikla sögu.

Samt er það langt frá því að vera öll sagan. Á þessum tíma var kvóti á tveimur togskipum fyrirtækisins samtals hátt á fjórða þúsund þorskígildi en áður var fyrirtækið búið að selja frá sér bæði skip og kvóta til að létta á skuldum.

Á þessum tíma tel ég að reksturinn, með þeim samningum um skuldalækkun sem náðst höfðu við alla lánardrottna að viðskiptabankanum undanskildum, hefði vel getað staðið undir sér. Ef þær skuldir eru framreiknaðar og kvótategnin metin miðað við verð á aflaheimildum í dag þá sýnist mér í fljótu bragði að jafnvel myndu ganga af nokkrir milljarðar.

Þá er ótalin eign fyrirtækisins í loðnuskipinu Júpiter. Skipið var

selt á vel innan við 300 milljónir með aflaheimildum, en ekki löngu seinna var það metið á 1.200 milljónir. Ég starfaði sem framleiðslustjóri hjá þessu gamla fyrirtæki afa míns og veit alveg hvaða árangri var búið að ná í rekstrinum á árinu 1992. En – einhvers staðar var fyrirstaða í kerfinu og menn fengu ekki að halda áfram.

Áhrif gjaldþrotsins á byggðarlagið voru gríðarleg, enda störfuðu hjá fyrirtækinu eitthvað á þriðja hundrað manns.“

Bjartsýnn fyrir hönd Bolungarvíkur

„Atvinnulífið hefur á þeim tíma sem liðinn er farið í gegnum miklar breytingar. Mörg ný fyrirtæki hafa skotið upp kollinum og margir einstaklingar hafa farið í sjálfstæðan atvinnurekstur. Flestir hafa farið í atvinnurekstur sem tengist sjávarútvegi, en það eru líka nokkur dæmi um fólki sem hefur náð fötfestu í rekstri sem tengist verslun og ferðapjónustu, bæði á sjó og á landi.

Það er hverju bæjarfélagi mikilvægt að hafa slíka frumkvöðla. Hlutverk bæjarfélagsins er þá fyrst og fremst að búa svo um hnútana að fyrirtækin hafi aðgang að þeirri þjónustu sem er á hendi bæjarfélagsins og skapa þeim þannig þau rekstrarskilyrði sem nauðsynleg eru. Enn og aftur snúast flest tækifærin um nálagðina við sjóinn og fiskimiðin, hvort sem um er að ræða framleiðslu eða ferðamennsku.

Á meðan Bolvíkingar bera gæfu til þess að nýta sér þá sérstöðu og forskot sem staðurinn hefur frá náttúrunnar hendi, þá er ég bjartsýnn fyrir hönd Bolungarvíkur.“

– hlynur@bb.is



Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á borgarstjórn Reykjavíkur að hlusta eftir röddum almennings í landinu öllu þegar framtíð borgarinnar sem miðstöð samgangna á Íslandi er skipulögð.

„Lykillinn að bættri þjónustu í innanlandsflugi“

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar því að loks skuli hilla undir byggingu samgöngumiðstöðvarar við Reykjavíkurlugvöll og segir slíka miðstöð vera lykillinn að því að bæta þjónustu við farþega og fyrirtæki í íslensku innanlandsflugi. „Ef áætlanir ganga eftir munu framkvæmdir hefjast í haust. Jafnframt áréttar bæjarstjórn fjölmargar fyrri ályktanir sínar, sem og áskoranir Fjórðungsþings Vestfirðinga, þar sem lýst er yfir eindregnum stuðningi við samgönguráðherra í því verkefni að tryggja framtíð Reykjavíkurlugvallar í Vatnsmýrinni. Bæjarstjórn skorar á borgarstjórn

Reykjavíkur að hlusta eftir röddum almennings í landinu öllu þegar framtíð borgarinnar sem miðstöð samgangna á Íslandi er skipulögð,“ segir í fundargerð sem samþykkt var samhljóða á bæjarstjórnarfundum.

Bæjarstjórn tók fyrir ályktun Félags íslenskra atvinnuflugmanna þar sem segir að Reykjavíkurlugvöllur sé ómetanlegur sem sjúkra- og öryggismannvirki fyrir alla landsmenn. Bent var á að flugvöllurinn er aðalsjúkraflugvöllur landsins og nálægð hans við Landspítala-Háskólasjúkrahús hefur bjargað hundruðum mannlífa. FÍA hefur sent út bréf

til allra sveitarfélaga landsins og þau hvött til að vinna að því að núverandi staðsetning Reykjavíkurlugvallar verði til frambúðar.

Flug á Íslandi hófst í Vatnsmýrinni þann 3. september 1919 með flugtaki fyrstu flugvélar á Íslandi. Fram til ársins 1937 voru gerðar frekari tilraunir með flugrekstur í Vatnsmýrinni. Árið 1938 hófst á Íslandi samfellt atvinnuflug eftir stofnun Flugfélags Íslands (nr. 3) á Akureyri. Áætlunarflug frá Reykjavíkurlugvelli hófst í mars 1940 þegar Flugfélagið flutti bækistöðvar sínar frá Akureyri til Reykjavíkur.



Egill Ibsen.

Tekur þátt í alþjóðlegri myndlistarsýningu

Súgfirðingurinn Egill Ibsen tekur þátt í alþjóðlegri sýningu sem tileinkuð er neo-surrealismisma. Hátíðin hefst 20. maí en þar koma fram fjöldi myndlistarmanna víðs vegar úr heimi. Egill segir að portúgalski listamaðurinn og sýningastjórinn, Santiago Ribeiro, hafði samband í desember og bauð sér þátttöku. „Hann hafði

séð málverk eftir mig í Internet galleríi og vildi endilega hafa mig með,“ segir Egill.

Hugtakið neo-surrealismismi varð til í lok 1970. Upphaflega lagði hreyfingin áherslu á surrealisma með skírskotanir í popp-list, en undanfarið hafa nútíma listamenn verið að kanna hvernig nota megi framsýni og ímynd-

unarafl innan þessarar tegundar listar. Neó-surrealismismi er stundum kallaður „nútíma surrealismi“ vegna merkjanlegrar sjónrænnar líkingar þessara tveggja greina innan listarinnar. Hins vegar er helsti munurinn á milli þeirra sá að neó-surrealismismi felur ekki í sér upprunalegu surreálisku hugmyndina um frelsi.



Iðnnám ... nema hvað?

Iðnaðurinn óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.
Verk- og tækninám er skynsamlegt og gefur fjölbreytt tækifæri.

Kíktu á NÁM OG STÖRF á idan.is

Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!



Samtök iðnaðarins

smáar

Til sölu er blá Toyota Corolla árg. 1997, ekin 187 þús. km. Verð 300 þús. kr. stgr. Uppl. í síma 821 1705.

Jeppadekk. Vantar 33x12,5/15" dekk fyrir sumarið. Uppl. í síma 892 0854.

Einstaklingsíbúð til leigu, laus strax. Uppl. 895 5466.

30 ára karlmaður vill komast á sjó. Hef smá reynslu. Uppl. í síma 847 0283.

Fjórthjól til sölu. Gott hjól, gott verð. Uppl. í síma 895 9241.

4 sumardekk til sölu. Stærð: 175-65-14. Uppl. í síma 893 7280. Dagbjartur.

77m2 íbúð til leigu í Sundstræti, besta stað í bænum frá og með 1. ágúst. Leigist á 45 þús. Uppl. í síma 869 6693. Vigdís.

Óska eftir lítilli íbúð á Ísafirði. Helst sem fyrst. Uppl í síma 869 4713.

Húsakönnun á Þingeyri

Húsakönnun verður gerð á Þingeyri í ár samhliða deiliskipulagsvinnu. Þetta kemur fram í bréfi bæjar- tæknifræðings Ísafjarðar- bæjar til bæjarráðs um stöðu deiliskipulagsvinnu á Þingeyri. Þar kemur fram að á haustmánuðum mun umhverfisnefnd fjalla um málið á grundvelli húsakönnunar. Samkvæmt samningi sem gerður var við Landmótun er gert ráð fyrir að deiliskipulagsvinnu verði að fullu lokið í júlí 2011.

Langar að eignast mann og börn og hús á Ísafirði

Guðmundur Smári Veigarsson hefur verið áberandi í forvarðasveit hinsegin fólks að undanfögnu, bauð sig meðal annars fram sem formaður Samtakanna 78 á dögumum. Smári, eins og hann er alltaf kallaður, fæddist á Ísafirði og bjó þar til sjö ára aldurs, á flest sitt föðurfólk fyrir vestan og lítur á sjálfan sig sem Ísfirðing. Bæjarins besta tók hús á Smára og spurði hann spjörnum úr, meðal annars um það hvað honum þætti brýnast af hinsegin baráttumálum.

„Ég hef verið að skoða mikið kyngervi og skilgreiningar á þeim. Það er sagt að við fæðumst sem annað hvort strákur eða stelpa bara vegna þess hvernig kynfæri við höfum. Þegar við eldumst fara kyngervin, sem fara ekki alltaf saman við það sem ljósmóðirinn öskraði við fæðinguna, að skipta meira máli en kynið. Ég er strákur, sem laðast að öðrum strákum, óháð líkama. Ég er samt meira strákur en hommi en ég skilgreini mig ekkert endilega sem strák og alls ekki sem stelpu. Að laðast að einhverjum hefur með kynhneigð að gera en það skilgreinir þig ekki sem manneskju. Kyn, kyngervi og kynhneigð eru ólíkir hlutir sem tvinnast samt auðvitað saman. Sumir

hommar hafa kannski meira af kvenlegum elementum en karllegum en þeir eru samt skilgreindir út frá kynfærunum, því sem er tilkynnt við fæðingu og sama á auðvitað við um stelpur. Ég er reyndar á þeirri skoðun að það að vera hommi sé í dag orðið ákveðið kyngervi, það sé orðið viðurkennt að hommar hafi leyfi til að hegða sér öðruvísi en aðrir karlmenn. Þú gerir kannski eitt hvað sem þú veist sjálfur að er klinkað en réttlætir það með því að það sé allt í lagi af því að þú ert hommi. Mér finnst þurfa að breyta þessu. Það er manneskjan sjálf sem skiptir máli, ekki kynhneigð hennar.

Hverjum maður laðast að hefur ekkert að gera með hvaða kyn maður er. Og í fullkomnum heimi mundi kynhneigð ekkert skilgreina hver maður er. Heldur bara hverjum maður laðast að. Kyn, kyngervi (kalmannlegur/kvenlegt) og kynhneigð eru ólíkir hlutir. Sumir strákar hafa kannski meira af kvenlegum elementum og nota margir það að þeir séu þá hommar eða jafnvel metro í stað þess að mega bara vera eins og þeir eru, án þess að þurfa að skilgreina sig öðruvísi en sem stráka. Hommar eru alveg jafn miklir strákar og aðrir strákar sama hve

mikið af kvenlegum eiginleikum þeir hafa.“

– Þú hefur barist fyrir því að opna umræðuna um stöðu transgender fólks. Hvað felst í því að vera tansgender?

„Transgender er regnhlífarheiti yfir það þegar þú hagar þér eða upplifir þig ekki í samræmi við það kyn sem var ákvarðað við fæðingu. Þar á meðal eru transsexual, cross dresser (transvestite), ásamt drag og svo margt margt fleira. Þetta fólk hefur verið ósýnilegt í samfélaginu og vakið alls konar furðulegar sögur, eiginlega litið á það sem einhvers konar viðundur, sem er fjarri öllu lagi. Það fer enginn í leiðréttingu á kyni án þess að vera 100% viss. Þetta er hrikalega erfið aðgerð, bæði líkamlega og andlega og fólk leggur mikið á sig til að fá þessa leiðréttingu. Fáir hafa hins vegar verið tilbúnir að tjá sig um þetta í fjölmiðlum vegna þess hve brenglað viðhorf samfélagsins er. Það þarf að opna þessa umræðu og auka skilning.“

Heppinn að vera hér í dag

–Þú varst 18 ára þegar þú komst út. Hvers vegna tók það þig svona langan tíma?

„Ég er greinilega bara svona seinþroska. En svona í alvöru þá var ástæðan sú að ég var mjög þunglyndur sem unglingur og tel mig ótrúlega heppinn að vera hér í dag. Það komu löng tímabil sem mig langaði ekki einu sinni til þess að lifa, hvað þá að ég væri að velta fyrir mér kynhneigð. Það munaði ekki miklu að ég fremdi sjálfsmorð. Og var bara alls ekki nein kynvera. En það hjálpaði auðvitað ekki til að vita ekki almennilega hver ég var. Það tók mig hálf t. ári í þunglyndinu að vera staðnaður og vita ekkert hver ég væri í raun og veru. Síðan vann ég mig upp úr þunglyndinu, tók mér eitt sumar í það að hugsa um hver ég væri og hvað ég vildi, komst að því að ég væri hommi og kom svo út. En þessi reynsla varð til þess að ég finni til samstöðu með transgender fólki í baráttunni við að finna sjálfan sig og komast að því hver þú ert.“

– Hvað vissirðu um það að vera hommi þegar þú komst út?

„Mamma tók mig tali þegar ég var ellefu ára og sagði mér frá samskiptum karls og konu, eða karls og karls eða konu og konu. Brýndi fyrir mér að maður ætti að nota smokkinn ef maður stundaði kynlíf, þótt ég hefði reyndar ekki hugmynd um hvernig það væri gert, hvað þá hvernig ætti að nota smokk. Þannig að ég vissi að það voru til karlmenn sem hrifust af karlmönnum, en það var svo sem enginn þeirra í mínu nánasta umhverfi. Móðurfjölskyldan var alltaf opin fyrir því að fólk mætti bara vera eins og það er, svo ég hafði engar áhyggjur af því að stuða. Enda hoppaði mamma af gleði þegar ég kom út og pabbi sætti sig strax við það og ég mætti bara ekki nokkurri andstöðu neins staðar. En auðvitað hef ég alltaf verið hommi, þótt ég væri að reyna að vera skotinn í stelpum og eiga kærustur sem unglingur. Ég átti þá gjarnan kærustu fyrir vestan, nógu langt í burtu til að þurfa ekki að vera í miklu líkamlegu sambandi. Það var öruggara.“

Ungliðahreyfingin ómetanleg

– Fljótlega eftir að þú komst út varstu kominn á fullt í félagsstarfi samkynhneigðra, hvað olli því?

„Mig langaði bara að gefa til baka fyrir stuðninginn sem ég fékk þegar ég kom út. Ég var

Ekki benda á mig

Stakkur skrifar

Rannsóknarnefndin skilaði af sér og Íslendingar tóku því með jafnaðargeði líkt og hér hafði verið spáð. Enda hvers vegna að gera sér rellu út af einhverju sem liðið er. Voru ekki allir að reyna að gera sér mat úr hlutunum? Ein athyglisverðasta niðurstaðan er sú að mestu efnahagslegu mistökin hefðu verið þau að Framsóknarflokkur ákvað að yfirbjóða aðra og krefjast þess að veitt yrðu 90% íbúðalán. Allir skyldu geta keypt íbúðir þó þeir ættu engan veginn fyrir húsnæði og gætu alls ekki borgað. Þetta fór illa eins og alltaf gerist þegar heimskan ein fær að ráða. Við Íslendingar þurfum ekki að sækja hana til útlanda. Við erum sjálf okkur nóg um heimskuleg úrræði og vanhæfa stjórnámamenn.

Hin eftirtektarverða niðurstaðan var sú, að skattar hefðu verið lækkaðir á tímum uppgangs í efnahagslífinu. Það er reyndar þekkt að betra að halda þeim óbreyttum eða hækka þá og draga úr opinberum framkvæmdum þegar vel árar en beita skattalækkunum og ráðast í opinberar framkvæmdir þegar illa árar. Þess vegna er einkar eftirtektarvert að fylgjast með úrræðum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur, sem lætur eins og óspjölluð mey í pólitík og vísar frá sér allri ábyrgð. Skattar eru hækkaðir upp úr öllu valdi og reynt að finna nýjar leiðir til að koma enn frekari sköttum á í formi vegtolla ofan á gríðarlega háa skatta á benzín og bíla. Frumleg hugsun virðist okkur Íslendingum framandi. Nýjar leiðir eru

ekki til. Nýtt afl er gleymt og enginn lætur sér detta í hug að við þurfum í raun og veru lífснаuðsynlega að komast út úr kreppunni. Nýtt afl vill enginn eigna sér nú.

Upp úr stendur að allir eru sammála um að það hversu illa fór sé öðrum að kenna. Ekki benda á mig! Ég gerði ekki neitt. Það voru hinir sem gerðu það. Ég ber enga ábyrgð. Allt er öðrum að kenna. Sagt hefur verið að fátt sé hnípinni þjóð í vanda nauðsynlegra en góðir leiðtogar. Þeir sjást ekki lengur og gengnir leiðtogar eru lítils virði þótt þeir lifi. Sú sorglega staðreynd er nú öllum ljós að stjórnámamenn, á Alþingi og í sveitarstjórnunum voru á kafi í bankasukkinu. Siðleysingjarnir sem fengu bankana upp í hendurnar þegar einkavætt var vissu að ekkert væri betra en jafningjar þeirra í stjórnámálum. Þannig væri tryggt að „starfsfriður myndi tryggður og afskiptasemi yrði litið sem engin. Það er ljóst að nokkrir framamenn í stjórnámálum í öllum flokkum þurfa að yfirgefa þau, annars skapast ekki traust.

Þeir stjórnámamenn sem fengu hundruð milljóna króna lán í bönkunum eru ekki hótinu betri en siðleysingjarnir sem settu þjóðina nánast á hausinn með glannalegri og ógeðfelldri hegðun sinni. Á hvaða siðferðisstigi er þjóð sem dæmir konu í þriggja mánaða fangelsi fyrir að stela smámunum eins og öldós í búð en lætur þá sem stela heilli þjóð ganga lausa? Þegar þeirri spurningu er svarað getum við litið fram á veginn sé svarið rétt.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

náttúrulega alveg búinn að loka mig af og átti enga vini lengur og ef ungliðahópur Samtakanna 78 hefði ekki verið til staðar veit ég ekki hvað hefði orðið um mig. Og ég hvet alla krakka sem eru að koma út til að hafa samband við ungliðahreyfinguna. Fá stuðning og finna að þú ert ekki einn. Fyrir krakka úti á landi er netið náttúrulega orðið uppspretta samskipta í massavis. Við förum líka með jafningjafræðslu í þá skóla sem biðja um það, en það eru alls ekki allir. En við sinnum því alltaf ef við erum beðin að koma í skóla. Það hefur gengið alveg rosalega vel. Krakkarnir skilja þetta, þótt stundum sé smá fliss og vandræðagangur í bekknum til að byrja með. Það kemur miklu frekar fyrir að kennarnir séu að fussa og sveia og vilji greinilega ekki hafa okkur þarna. Svo er líka algengur misskilningur að þessi fræðsla snúist fyrst og fremst um kynlíf, sem hún auðvitað gerir ekki. Samkynhneigð snýst um að laðast að fólki af sama kyni á allan hátt, bara alveg eins og þegar stelpur og strákar laðast hvort að öðru.“

Eini homminn í þorpinu

– Heldurðu að það sé erfiðara fyrir krakka úti á landi að koma út? „Já, mér finnst vera munur á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar í því. Það er öðruvísi að vera hinsegin úti á landi,

þótt það sé reyndar orðið auðveldara en það var. Það er svolitill svona „the only gay in the village“ filingur í því. Ég man alltaf eftir einu af fyrstu djömmunum fyrir vestan eftir að ég kom út, þá kom gömul kærasta hlaupandi til mín í þvögunni fyrir utan Krúsina og hrópaði „elsku homminn minn“ þannig að ég varð um leið Homminn með stórum staf. Það er mjög spes tilfinning, en ég hef aldrei fengið nein neikvæð viðbrögð. En ég hef á tilfinningunni að fyrir fólk sem býr fyrir vestan sé ástandið ennþá svolítið eins og það var hér fyrir þrjátíu árum. Þú kemur kannski út í grunnskólanum, en um leið og honum lýkur ferðu úr bænum. Það er auðvitað rosalega erfitt að halda uppi einhverju hinsegin félagsstarfi ef það eru bara ein eða tvær hinsegin mannseskjur á svæðinu. En það eru samt ótrúlega margir hommar að vestan, væri gaman að halda einhvern tíma Gay Pride á Ísafirði og fá alla sem eru hinsegin að vestan til að mæta, þeir myndu örugglega fylla bæinn. En ég náttúrulega veit ekki nógu vel hvernig það er að koma út í svona litlu samfélagi. Ég hef aldrei búið fyrir vestan í einhvern lengri tíma eftir að ég kom út, bara komið í heimsóknir og það er auðvitað allt öðruvísi. Reyndar dreymir mig um að eignast karl og börn og flytja vestur. Það væri toppurinn, en ég er ekki alveg að sjá það gerast og glætan að ég finni kall þar!“

– Segjum svo að þú finnir þér karl og viljir stofna fjölskyldu, hvaða leiðir eru færar í því? „Ég ætla að eignast börn, það er alveg á hreinu. Þegar ég var yngri ætlaði ég að eignast tíu börn, en það er nú ekki raunhæft að þau verði fleiri en tvö. Hommar mega ættleiða samkvæmt lögum en vandamálið er að íslenskar ættleiðingarstofur hafa ekki sambönd í löndum sem vilja láta samkynhneigða fá börn til ættleiðingar. Þannig að ég er farin að spyrjast fyrir hjá vinkonum mínum hvort þær væru ekki til í að ganga með barn fyrir mig ef ég finn mér kall. Ég er líka að falla á tíma með ættleiðingu. Ég hef sírka tvö ár til að finna mér kall. Ég þarf að vera með honum í nokkur ár til að mega sækja um ættleiðingu, svo er biðlisti í fjögur til fimm ár og maður má ekki ættleiða eftir þrjátíu og fimm ára aldur. Þannig að þú sérð að þetta er orðið algjört tímaspursmál.“ – Þér finnst þú ennþá vera Ísfirðingur þótt þú hafir flutt þaðan sjö ára gamall og dreymir um að búa fyrir vestan með fjölskyldu, hvers vegna? „Það er bara eitthvað við Ísafjörð. Einhver sjarmi við bæinn og fjöllin og Pollinn og einhver orka í andrúmsloftinu sem fyllir mann. Ég held líka að það sé frábært að ala upp börn þar. Draumurinn er sem sagt: kall, börn, hús, bíll og allur pakkinn og Ísafjörður væri hinn fullkomni staður til að upplifa þann draum.“



Kemur verst við minnstu útgerðirnar

„Fyrning aflaheimilda kemur verst við minnstu útgerðirnar. Í nánast öllum tilfellum er um að ræða litil einstaklings- og/eða fjölskyldufyrirtæki sem gera aðrar og minni arðsemiskröfur en stórfyrirtækin. Litlu fyrirtækin geta t.d. ekki brugðist við með sókn utan lögsögu. Þau eru bundin heimamiðum,“ segir Arthur Bogason formaður Landsambands smábátaeigenda í grein

sinni í Morgunblaðinu en hún hefur nú verið birt á vef sambandsins. Hann segir einnig: „Því er haldið fram, trúlega með réttu, að útgefnar aflaheimildir verði nýttar þó fyrningarleið komi til framkvæmda. Tryggir það réttlæti - og þá hverra? Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hækkuðu skuldir útgerðarfyrirtækja um 100-180% eftir því í hvaða gjaldmiðli og á hvaða tíma lánin voru

tekin. Samtímis lækkaði virði aflaheimilda um amk 100%. Aðilar sem áttu drjúgan hlut í sínum fyrirtækjum horfðu á eignarhlutinn hverfa eins og döggr fyrir sólu og standa nú eftir stórskuldugir.“ Formaðurinn segir smábátaútgerðir landsins ekki hafa tekið neinn þátt í þenslu bankana. „Ég skil vel reiði fólks í garð „sægreifa“ sem tóku þátt í bankabrylláðinu og um tíma stjórn bankanna.

Smábátaútgerðir landsins tóku þar engan þátt. Þar fóru og fara aðilar sem ráku og reka fyrirtæki sín af vinnuelju og samvisku-semi. Trúandi því að fjárfestingar þeirra væru til frambúðar fyrir sig og sínar fjölskyldur. Sama á við um langflest önnur útgerðarfyrirtæki. Verði fyrningarleiðin farin hlýtur sú spurning að vakna hverjir séu best í stakk búnir til að bjóða í þær veiðiheimildir sem

standa til boða. Varla eru það þeir sem nú standa í skuldasúpunni sem varð til við efnahagshrunið, þ.e. þeir sem veðjuðu á framtíð sína í sjávarútvegi, hvort heldur með fjárfestingum í aflaheimildum eða endurnýjun skipa og báta. Ætli það séu ekki frekar þeir sem seldu frá sér aflaheimildir þegar „best“ áraði. Er réttlætinu þar með fullnægt?“, spyr Arthur Bogason. – kristjan@bb.is



Gúbbarnir fæddust af slysn

Listakonan Rut Ingólfssdóttir opnaði sína fyrstu einkasýningu á Ísafirði um páska. Þar sýndi hún gífsverk af sköndnum fígúrum sem kallast Gúbbarnir. Hún hefur áður tekið þátt í samsýningum en það hafði sérstaka þýðingu að fyrsta einkasýningin færi fram á Ísafirði, sem er heimabær móður hennar sem lést þegar Rut var barn að aldri.

Bæjarins besta spjallaði við listakonuna um Gúbbana og tengslin við Ísafjörð.

– Hversu lengi hefurðu verið að fást við keramik og gífs?

„Ég fór í skóla 2004 og útskrifaðist 2007 og hef verið í þessu síðan. Ég vissi þó alveg frá því ég var um fimm ára gömul að ég ætlaði að læra þetta. Það var eitthvað við lyktina og áferðina. Ég fór inn á keramikverkstæði sem barn og það var allt sem þurfti til. Ég hef líka alveg frá barnsaldri verið að fást við handverk.“

– Hvernig komu Gúbbarnir til sögunnar?

„Gúbbarnir fæddust nú eiginlega af slysn. Ég var uppi í bústað og ætlaði að búa til háfætta fugla, sem mistókust herfilega, en eftir stóðu Gúbbarnir. Þannig fæddust þeir af sjálfu sér.“

– Hafa Gúbbarnir farið víða?

„Ég sýndi þá Ljósalofti í Keflavík í september og síðan fór ég með þá vestur um páska. Það var fyrsta einkasýningin en ég hef tekið þátt í nokkrum samsýningum áður. Sýningin gekk mjög vel og það var gaman að sjá viðbrögðin hjá fólki. Margir komu því þeir voru forvitnir að vita hvað Gúbbarn væru eftir að hafa séð auglýsinguna. Það var svo gaman að geta haldið fyrstu einkasýninguna á Ísafirði. Ég var líka mjög ánægð með viðbrögðin. Fólk fór brosaði út og þá er mínu markmiði náð. Ef fólk gleymir stund og stað í smátíma, þá er ég ánægð.“

Rut er svokallaður Leifspúki og blaðamaður forvitnaðist hvað felst í því.

„Afi minn hét Leifur og hann og amma áttu níu börn og kannski vegna þess hversu stór hópur þetta var erum við kölluð Leifspúkar. Mamma mín ólst upp á Ísafirði en ég flutti þangað 16 ára gömul þegar ég fór í Menntaskólann á Ísafirði. Mamma lést þegar ég var fimm ára og ég vildi kynnast bænum hennar og þar með henni sjálfri.“

Ég ætlaði nú bara að vera á Ísafirði í ár en kynntist mann-

„Gúbbarnir fæddust nú eiginlega af slysn.

Ég var uppi í bústað og ætlaði að búa til háfætta fugla, sem mistókust herfilega, en eftir stóðu Gúbbarnir.“

inum mínum og endaði með því að búa þarna í níu ár. Við fluttum burt 1999 og ég heimsótti bæinn reglulega þar sem tengdaforeldrar mínir bjuggu þar, en árið 2004 fluttum við ásamt tengdaforeldrunum til Danmerkur. Ég hafði varla komið síðan þangað til ég kom um páska með sýninguna. Það var því ofboðslega gaman að koma aftur og rifja upp gamla tíma.“

– Hvað er svo á döfinni hjá þér? Ætlaðu að halda áfram með Gúbbana eða feta nýjar slóðir?

„Ég tími ekki að sleppa Gúbbunum alveg strax. Ég er samt ekki viss hvað ég geri. Mig langar að sýna þá í Reykjavík og jafnvel erlendis. Kannski ég fari með þá til Danmerkur. Það er allt óráðið ennþá en það er ýmislegt í sigtínu.“



Kjúklingaréttur og vatnsmelónusalat

Sælkeri vikunnar segir að það hafi orðið tímamót í lífi hennar þegar hún varð þritug á síðasta ári. „Þá varð ég fullorðin og fór að geta eldað,“ segir Hanna Rósa og bætir við að uppskriftin er fengin að austan hjá besta gestgjafa Hornafjarðar.

Kjúklingaréttur fyrir fjóra

Lítill poki ferskt spínat
2 dl cous cous
½ krukka fetaostur
½ krukka sólþurrkaðir tómatar
1 rauðlaukur, smátt skorinn
4 kjúklingabingur
½ dós pad-thai sósa
Kasjúhnetur

Spínatið sett í eldfast mót ásamt cous cous (ekki eldað). Olía af sólþurrkuðum tómötum og fetaosti hellt yfir spínatið. Kjúklingabringurnar skornar í

strimla og steiktar á pönnu, það thai sósunni er hellt yfir kjúklinginn og látið malla í ca 15 mín. Kjúklingastrimlarnir settir í eldfasta mótið og fetaosturinn, sólþurrkuðu tómatararnir, rauðlaukurinn og kasjúhnetur eru að lokum dreift yfir kjúklinginn. Þetta er svo sett í ofn í ca 15 mín.

inga og sett í skál, kreistið sitrónu yfir og látið standa í ca 10 mín. Skerið rauðlaukinn smátt og dreifið yfir ásamt fetaostinum. Bætið myntulaufum í eftir smekk.

Eftirrettur Mojito

6 cl. ljóst romm



Vatnsmelónusalat

½ vatnsmelóna
Sitróna
½ krukka fetaostur
Rauðlaukur
Myntulauf

2 tsk. hrásykur
½ lime
Nokkur myntulauf
Sódavatn (ef vill)

Myntulauf og lime skorið niður í báta, kreist og kramið saman í glas. Romm, sykri og klaka bætt út í og hrært vel

Vatnsmelónan er skorin í ten-



Sælkeri vikunnar er Hanna Rósa Einarsdóttir frá Ísafirði. Rósinkar Óskarsson að koma með góða uppskrift í næsta blaði. Ég skora á föður minn Einar saman. Fyllt upp með sódavatni eftir smekk.

Pétur Tryggvi – silfur-smiður ársins í Danmörku

Ísfrski silfursmiðurinn Pétur Tryggvi Hjálmarsson hlýtur í ár æðstu viðurkenningu sem dönskum silfursmið getur hlotnast, Karl Gustav Hansen verðlaunin. Þar með er hann „Silfursmiður ársins 2010“ í Danmörku. Dönsk silfursmiðalist og hefð standa fremst í heiminum og hafa gert það lengi og nafnbótin er án efa sú mikilvægasta sem nokkur silfurlistamaður getur vonast eftir.

Í reglugerð Karl Gustav Hansen verðlaunanna segir að tilgangurinn með þeim sé að hvetja danska silfursmiði til dáða. Verðlaunin skulu veitt dönskum silfursmið. Í sérstökum tilfellum megi þó veita erlendum silfursmið verðlaunin, vinni hann eftir danskri silfurhefð.

Pétur Tryggvi er fæddur á Grænagarði á Ísafirði, sonur Hjálmars Torfasonar gullsmiðs og Unnar Pétursdóttur, sem er dóttir Péturs heitins Péturssonar á Grænagarði. Pétur Tryggvi var búsettur í Danmörku um langt árabil og hefur lengi átt sess í lokuðu gildi danskra silfursmiða. Hann hélt sæti sínu í gildinu þótt hann væri búsettur heima á Ísafirði síðasta áratuginn. Þar hafði hann heimili og vinnustofu í gamla barnaskólahúsinu á Brautarholti inni í firði, þar sem hann var sjálfur í leikskóla á sínum tíma.

Fyrir nokkrum árum var gefin út bók um bestu silfurverk í Danmörku á síðustu öld og þar átti Pétur Tryggvi sína opnu.

Árið 2006 var Pétur Tryggvi bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar. Hann fluttist aftur til Danmerkur í fyrra.

Tilkynnt var í Danmörku hver hlyti útnefninguna og verðlaunin í ár á afmælisdegi Margrétar Þórhildar Danadrottningar núna þann 16. apríl. Sjálf verðlaunin eru 85.000 danskar krónur eða tæpar tvær milljónir íslenskra króna. Hér er ekki um viðurkenningu að ræða sem sótt er um heldur er þetta óháð ákvörðun sérstakrar valnefndar.

Silfursmiði Péturs Tryggva hefur áður vakið athygli og hann hefur unnið til fjölda viðurkenninga fyrir verk sín. Altariskanna sem hann smíðaði var til að mynda valin eitt af bestu silfurverkum 20. aldar af Koldinghus-listasafninu á Jótlandi, en þar er eitthvert stærsta safn nútíma silfursmiði sem til er.

Í kjölfar verðlaunanna mun safnið eignast annað verk eftir silfursmiðinn ísfrska. Í tengslum við verðlaunin hefur verið pantað nýtt verk frá honum, sem Koldinghus mun eignast. Pétur Tryggvi og verk hans verða kynnt sérstaklega á gull- og silfurkaupstefnu í Bella Center í Kaupmannahöfn í ágúst.



Pétur Tryggvi Hjálmarsson silfursmiður.

Um miðjan október verður haldin móttaka Pétri Tryggva til heiðurs í Koldinghus, þar sem opnuð verður sýning á verkum hans. Við þá athöfn verður fyrrnefnt verk hans, sem pantað hefur

verið og hann á ennþá eftir að hanna og smíða, afhent safninu.

Pétur Tryggvi lauk sveinsprófi í gullsmíði hjá Hjálmari föður sínum árið 1979 og hefur unnið við gull- og silfursmiði síðan. Hann stundaði nám í Institut for

Ædelmetal í Kaupmannahöfn 1981-83.

Kirkjusilfur eftir Pétur Tryggva er í ýmsum kirkjum hérlandis og verk hans má líta á söfnum víða um heim.

– thelma@bb.is

Nýtt happdrættisár hefst í maí.

www.das.is



Audi



Fjórir á árinu

Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miðal



14,6 milljónir
á tvöfaldan miðal

Milljónavinningar á árinu

10x6 milljónir
38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta
4 milljóna króna skattfrjálslir vinningar
á árinu á tvöfaldan miðal.

Alla er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.

Aldrei hafa ótt allan okkar stuðning í áratugi.

Takka þér því þér er þetta. Einstakur miðl kostar aðeins 1.000 kr.

Umboðsmenn Happdrætta DAS á Vestfirðum:

- Laufjar: H. Rasmussen & Co. sími 458-3000
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111
- Súgarnir: H. Rasmussen & Co. sími 458-1111



HAPDRÆTTI



Vinningar í hverri viku